

8. gr.

72

132. gr. reglugerðarinnar breytist þannig, að á eftir orðunum: „Héreftir má ekki flytja inn í landið“ bætist við orðin: „selja eða afhenda til notkunar innanlands“; og á eftir orðunum: „Skal hver sá, er flytur inn raforkuvirki, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar,“ bætist við orðin: „eða gerir þau innanlands“.

9. gr.

133. gr. reglugerðarinnar breytist þannig, að á eftir orðunum: „Rafmagnseftirlitið getur krafist þess, að því séu send til prófunar sýnishorn af þeim raftækjum og hlutum raforkuvirkja eða efni í þau, er innflutt eru“, bætist við orðin: „eða gerð innanlands“.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932 um raforkuvirki og lögum nr. 38 12. júní 1939 um viðauka við og breytingu á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1940.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Jarðasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, 73
útfegin 8. apríl 1940 á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra. 8. apríl
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jarðasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðasjóður Vestur-Húnavatnssýslu. Hann er eign sýslunnar. Um ráðstöfun á eignum og tekjum sjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 10. jan. 1940 af Skúla Guðmundssyni, kaupfélagsstjóra á Hvammstanga, til minningar um foreldra hans, Guðrúnu Einarsdóttur og Guðmund Sigurðsson. Guðrún (Magðalena Guðrún) er fædd að Tannstaðabakka í Hrútafirði 10. ágúst 1868, dóttir hjónanna Guðrúnar Jónsdóttur og Einars, bónda og gullsmiðs, Skúlasonar. Guðmundur er fæddur að Urðarbaki í Vesturhópi 26. marz 1875, sonur hjónanna Ólafar Guðmundsdóttur og Sigurðar Jónassonar, er þar bjuggu þá, en fluttust 8 árum síðar að Svertingsstöðum í Miðfirði. Þau Guðrún og Guðmundur giptust að Svertingsstöðum 20. júní 1898 og hófu búskap þar, en fluttust vorið 1915 til Hvammstanga, þar sem Guðmundur var kaupfélagsstjóri til ársloka 1922. Guðmundur andaðist á Landakotsspítala í Reykjavík 14. jan. 1923, en Guðrún að Staðarbakka í Miðfirði 11. okt. 1929.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er jörðin Syðri-Vellir í Kirkjuhvammshreppi, með öllum húsum og mannvirkjum, en að frádregnum áhvilandi veðskuldum, sem eru:

73 8. apríl	1. Lán nr. 661 hjá Söfnunarsjóði Íslands, tryggt með 1. veðrétti í jörð-inni, nú að eftirstöðvum	kr. 2373.67
	2. Lán nr. 1600 hjá Byggingarsjóði, tryggt með 2. veðrétti	— 2500.00
	Samtals	kr. 4873.67

4. gr.

Sjóðurinn fær eftirgjald eftir jörðina Syðri-Velli, frá fardögum 1940, samkvæmt byggingarbréfi útg. 31. júlí 1939, en greiðir árlega af tekjum sínum, í fyrsta sinn 1940, vexti og afborganir af áhvílandi veðskuldum samkvæmt 3. gr., sem eru:

1. Til Söfnunarsjóðs Íslands, gjalddagi 11. júní	kr. 150.00
2. Til Byggingarsjóðs, gjalddagi 1. nóvember	— 125.00
Samtals	kr. 275.00

þar til lán þessi eru að fullu greidd.

5. gr.

Eignir sjóðsins, aðrar en fasteignir, skulu ávaxtaðar í Innlánsdeild Kaupfélags Vestur-Húnavetninga, hjá Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða annari tryggri peningastofnun að dómi sjóðstjórnarinnar. Þeim skal varið til að kaupa jarðir í Vestur-Húnavatnssýslu, sem boðnar eru til sölu fyrir eigi hærra en fasteignamatssverð, enda liggi þær ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar, séu þannig í sveit settar, að sjóðstjórnin telji eigi hættu á að þær leggist í eyði, og engar aðrar sérstakar ástæður mæli gegn kaupunum. Sé jörð boðin sjóðnum til kaups, og sjóðstjórnin telji rétt að kaupa samkvæmt framansögðu, skal það gert þegar sjóðurinn hefir svo mikla peningaeign á vöxtum að nægi til kaupanna. Þjóðist sjóðnum einhverju sinni fleiri jarðir en hægt er að kaupa, ákveður stjórn sjóðsins í hvaða röð þær verða keyptar.

6. gr.

Jarðir, sem sjóðurinn eignast, skulu byggðar til lífstíðar, og ef leiguliði óskar, skal afkomandi hans eða annar vandamaður hafa forgangsrétt til ábúðar á jörð að honum látnum. Ábúðarréttinn má aldrei selja. Eftirgjald skal ákveðið í sem nánustu samræmi við það, sem greitt er eftir jarðeignir ríkisins á hverjum tíma, og greiðast að fullu í peningum árlega. Ennfremur skulu ábúendur greiða leiguliðabót af jarð-arhúsum, samkvæmt fyrirmælum ábúðarlaganna, og brunatryggingargjalds. Um byggingu jarðanna að öðru leyti fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

Jörðina Syðri-Velli má aldrei selja. Ef ábúandi á annari jörð, sem sjóðurinn á, óskar að fá ábýli sitt keypt, er sjóðstjórninni heimilt að selja honum jörðina. Sé þá sölunni hagað þannig, að sjóðurinn verði skaðlaus af, en hafi ekki ágóða af sölunni. Í öðrum tilfellum er hér greinir, má aldrei bjóða til sölu eða selja jarðir sjóðsins.

7. gr.

Meðan stofnandi sjóðsins er á lífi, annast hann stjórn sjóðsins, nema hann óski að vera laus við það starf. Þegar stofnandi sjóðsins lætur af stjórninni, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir sjóðinn til þriggja ára í senn, einn af aðalfundi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga, annar af vesturdeild Búnaðarsambands Húnavatnssýslu og sá þriðji af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Ef Kaupfélag Vestur-Húnavetninga eða samband búnaðarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu hætta störfum, kýs sýslunefndin mann eða menn í sjóðstjórnina í þeirra stað. Rísi aftur upp samvinnufélag eða samband búnaðarfélaga í sýslunni, með sama markmiði og hin fyrri, skal þeim afhendast réttur til að kjósa fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefir umsjón með jarðeignum hans, semur um leigu á þeim þegar þær losna úr ábúð, og gefur út byggingarbréf. Hún varðveitir skjöl sjóðsins, innlánsbækur og önnur verðmæti, og annast reikningshald hans. Reikningar sjóðs-

ins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninganna, úrskurðaðir af sýslunefndinni og birtir með reikningi sýslusjóðsins. Verði ágreiningur um reikningana innan sýslunefndarinnar, skal honum skotð til þeirra sömu aðila, sem kjósa menn í stjórn sjóðsins, sem þá tilnefna einn mann hver, aðra en stjórnendur sjóðsins, til að leggja fullnaðarúrskurð á reikningana.

Kostnaður við stjórn sjóðsins og reikningshald, þar á meðal þóknun til stjórnar og endurskoðanda, greiðist úr sjóðnum. Sá kostnaður allur má þó aldrei fara fram úr 5% af tekjum sjóðsins ár hvert.

8. gr.

Fyrst um sinn er heimilt að verja árlega allt að $\frac{1}{3}$ af hreinum tekjum sjóðsins til umbóta á jörðum hans, enda sé um arðvænlegar umbætur að ræða að álitum sjóðstjórnarinnar, og sé þá eftirgjald viðkomandi jarða hækkað í hlutfalli við þá verðhækkun þeirra, sem af umbótunum stafar. Þegar hrein eign sjóðsins, þ. e. jarðeignir hans með fasteignamatsverði og peningaeign, að frádregnum veðskuldum, er orðin samtals 100 þúsund krónur, má verja árlega allt að helming af hreinum tekjum hans í sama skyni.

Heimilt er sjóðstjórninni að veðsetja jarðeignir sjóðsins fyrir lánnum til jarðeða húsabóta á jörðunum, sem arðvænlegar og nauðsynlegar eru að dómi sjóðstjórnarinnar, en þó sé jarðeign sjóðsins aldrei veðsett fyrir hærri fjárhæð samtals en 40% af fasteignamatsverði hennar, enda óheimilt að stofna til skulda í nafni sjóðsins þar fram yfir.

Nú gerir leiguliði jarðabætur á jörð sjóðsins á sinn kostnað, og skal þá farið eftir ákvæðum ábúðarlaganna um greiðslu fyrir þær jarðabætur, þá er ábúendaskipti verða.

9. gr.

Þegar hrein eign sjóðsins er orðin 200 þúsund krónur, má sjóðstjórnin verja árlega allt að $\frac{1}{4}$ af hreinum tekjum hans til eflingar hverskonar framförum í landbúnaði í Vestur-Húnavatnssýslu. Þetta gildir þó aðeins þegar eigi er þörf fyrir allar tekjur sjóðsins til kaupa á jörðum, sem bjóðast sjóðnum fyrir fasteignamatsverð, og sem skal kaupa þegar fé er fyrir hendi, sbr. 5. grein. Þegar hrein eign sjóðsins er orðin samtals $\frac{1}{2}$ milljón krónur, má verja öllum tekjuafgangi hans ár hvert til búnaðarframfara á sama hátt, að svo miklu leyti sem tekjuafgangsins er eigi þörf til kaupa á jarðeignum.

10. gr.

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar um stjórn sjóðsins, ráðstöfun á eignum hans og tekjum og að eigi megi selja jarðeignir hans nema leiguliðar óski að fá þær keyptar, má aldrei breyta.

Stofnandi sjóðsins getur sett nánari fyrirmæli um einstök atriði í skipulagsskránni, ef hann telur þess þörf.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.